Laus og liðugur (Sigurður er sjómaður)

Texti: Númi Þorbergsson

Lag: Jónatan Ólafsson

Sigurður er sjómaður
sannur vesturbæingur
alltaf fer hann upplagður
út að skemmta sér

Dansar hann við dömurnar
dásamaður allsstaðar
með ungar jafnt sem aldraðar
út á gólfið fer

Í vínarkrus og vals og ræl
hann vindur sér á tá og hæl
þolir hvorki vol né væl
vaskur maður er
Kátur syngur Sigurður
svona er að vera einhleypur
alltaf laus og liðugur
líkar þetta mér.

Höfundaskráning: https://stef.is/frettir/hofundarnir-okkar-jonatan-olafsson/

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.